

FUNDARGERÐ

125. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 19. maí 2009 kl. 12¹⁵–13³⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE)
Már Karlsson (MK), fundarritari.
Fjarverandi: Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG)

Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (124. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina

2. Ársreikningur 2008

Ársreikningur var aftur lagður fram eftir breytingar á texta varðandi skýrslu stjórnar og staðfestingu ársreiknings. Ljóst er að vantar upp á tekjur af málningu vegna of lágs einingarverðs sem notað var við álagningu á innlenda framleiðslu.

Stjórnin hefur ekki athugasemdir við ársreikninginn eins og hann er nú fram settur en felur framkvæmdastjóra að koma á framfæri athugasemdum varðandi einhliða breytingu á sammingsákvæðum um vaxtaútreikning. Stjórnin felur framkvæmdastjóra einnig að senda ríkisskattstjóra minnisblað um framhald varðandi álagningu á málningu á s.l. ári.

3. Þróun tekna

ÓK gerði grein fyrir því að tekjur fyrstu fjóra mánuði ársins 2008 voru 216 mkr. en 154 mkr. nú, árið 2009. Lækkunin teknanna nemur því 62 mkr.

Gjöld á fyrsta ársfjórðungi 2008 námu 165 mkr. en 112 mkr. í ár, 2009. Lækkun gjalda þennan ársfjórðung 53 mkr.

4. Þjónustu og ráðstöfunaraðilar

Emil Tómasson, Seyðisfirði með hjólbarða og heyrúlluplast og Helgi Árnason, Norðurþingi, bóndi með heyrúlluplast, sækja um að gerast þjónustuaðilar Úrvinnslusjóðs.

Ráðstöfunaraðilinn Exís ehf. sækir um að styðjast við ráðstöfunaraðila í Taiwan, Taa Weie Enterprise Co. Ltd.

Allar umsóknirnar samþykktar.

5. Önnur mál

Lögð var fram dagskrá Pro Europe ráðstefnu, sem Úrvinnslusjóður hefur veg og vanda af.

Næsti fundur áformaður [þriðjudaginn 9. júní kl. 12:00](#) á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs